

4.4.2017

Jafnréttisnefnd Listaháskóla Íslands styður eindregið þingsályktunartillögu Pírata um framtíðarstaðsetningu og undirbúning á byggingu Listaháskólans.

Eins og staðan er í dag er skólinn staðsettur á fjórum stöðum í borginni en engar þeirra fjögurra bygginga voru byggðar sem skólahúsnæði og stendur það starfsemi skólans fyrir þrífum. Aðstæður í hverri byggingu fyrir sig eru afar mismunandi og eru í sumum tilellum algjörlega óviðunandi, sér í lagi í húsnæði skólans við Sölvhólsgötu 13 þar sem sviðslistadeild og tónlistardeild hafa aðstöðu.

Í tveimur byggingum af fjórum er ekki hægt að tryggja jafnt aðgengi allra, sér í lagi hvað varðar aðgengi fyrir fatlaða og ljóst að brotið er á rétti fatlaðra einstaklinga til náms við hæfi, sem er óásættanlegt á jafnréttisgrundvelli.

Þá er er jafnframt fjárhagslegur baggi fyrir skólann að halda úti starfsemi á mörgum stöðum. Skólinn var stofnaður 1999 og er kominn tími til að byggja almennilega aðstöðu undir það faglega og góða listnám sem í boði er. Við viljum hvetja til þess að ákvarðanir varðandi framtíðarstaðsetningu og undirbúning á byggingu skólans verði teknar sem allra fyrst og teljum afar mikilvægt að aðgerðaráætlun og tímamörk fylgi.

Það verður til hagsbóta fyrir alla þ.e.a.s. nemendur, starfsfólk og stjórnvöld að sameina starfsemi skólans á einn stað sem býður upp á jafnt aðgengi fyrir fatlaða sem og ófatlaða þannig næst fram fjárhagslegur sparnaður, húsnæðið yrði sniðið að þörfum námsins og þverfaglegt samstarf milli listgreina yrði auðveldara. Listir og menning eru ein af grunnstöðum samfélagsins og þar sem Listaháskólinn er eini háskólinn í landinu á fræðasviði lista gegnir hann afar mikilvægu hlutverki. Það er því brýn þörf fyrir samfélagið í heild að þessi grunnstoð sé eflð og sé aðgengileg öllum sem vilja stunda nám við skólann.